

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar.

Haldinn í safnaðarheimili Seyðisfjarðarkirkju 7. september 2017 kl 16.30.

Mættar eru Auður Jörundsdóttir, Elva Ásgeirsdóttir, Eva Björk Jónudóttir, Jóhanna Magnúsdóttir, Tinna Guðmundsdóttir, Þórunn Eymundardóttir og Sigríður Rún Tryggvadóttir, sem ritar fundargerð

Þórunn Eymundardóttir lætur af störfum í stjórn foreldrafélagsins, vegna hagsmunaárekstra- þar sem hún er orðin starfsmaður skólans. Henni eru þökkun sín góðu störf og óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi. Foreldrafélagið væntir góðs af störfum hennar með nemendaráði Seyðisfjarðarskóla.

Félagsstarf í skólanum:

- **Það þarf að virkja tenglana betur**- skv ráðleggingum Helgu Margrétar – funda með tenglunum fljótlega, áður en bekkjafundirnir verða í haust.

Foreldrasáttmáli: – stjórnin ætlar að boða tenglana á fund vegna foreldrasáttmálans og fá tenglana til að kynna foreldrasáttmálann í sínum bekkjum. Höldum að það skapi foreldrasáttmálanum betri sess.

Félagsmiðstöðin; það verður enginn starfsmaður í vetur. Stjórnin vill líka virkja tenglana í þessu starfi. Þórunn sem er með umsjón með nemendaráði verður okkar milliliður við nemendaráðið og segir okkur hvernig við getum styrkt þau og stutt. Foreldrafélagið ætlar að kalla saman tengla í kjölfar 1.fundar nemendaráðs, og setja niður með þeim dagskrá fyrir veturinn. Þema-tengt starf/lotur, ekki bara opið hús 1x í viku.

Sparkvöllurinn; Ljóst að við þurfum að gera eitthvað varðandi sparkvöllinn og ekki bíða eftir að eitthvað gerist. **Sparkvöllurinn er mikið notaður. Mikilvægt að gera eitthvað.** Eigum við að senda erindi til bæjarráðs um að foreldrar taki að sér viðhald? Eigum við að stofna hlutafélag um sparkvöllinn?

Tómstundir fyrir börn á sumrin.

Frístundir barna- og unglunga heyra undir velferðanefnd, sem ætti þá að bera ábyrgð á því að það sé framboð og starfsfólk.

Hugarflæði: *Ætti að vera boðið upp heildstætt leikjanámskeið þar sem smíðavöllur væri í boði einn dag í viku, skólagarðar annan og einhverjar íþróttir aðra daga. Leikjanámskeið- fótbolti- smíðavöllur- fjármagn til að fá leynileikhúsið/stelpur rokka.../ iðju fyrir börn!*

Umræðu um sumarfrístund frestað fram yfir áramót, en þá verðum við að hafa samband við velferðarnefnd og óska eftir að þessi málaflokkur fái umfjöllun og verði í lagi fyrir sumarið.

Fljótlega eftir áramót ætlar stjórnin að senda ályktun á bæjarráð/fræðslunefnd:

„Stjórn foreldrafélags Seyðisfjarðarskóla óskar eftir því að félagsstarfi barnanna sé beint á könnu velferðarnefndarinnar og að þar sé heildstæð sýn.... þar sem börnum fer fjölgandi verður að vera einhver sýn varðandi sumarfrístund og frístundir almennt: “

Stjórnin skiptir með sér verkum;

Formaður, Tinna Guðmundsdóttir- hún fær lykil að skólanum (ath. ritara; ég talaði mikið um það að ég ætlaði að láta þig fá lykilinn en gerði það svo aldrei).

Gjaldkeri, Jóhanna Magnúsdóttir

Ritari, Sigríður Rún Tryggvadóttir

Elva Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi og situr í skólaráði og fræðslunefndarfundum.

Auður Jörundsdóttir, meðstjórnandi og bakari

Varamaður; Eva Björk Jónudóttir- kemur stundum með súkkulaði búðarkeypt.

Fastur fundatími ákveðinn fyrsti mánudagur í mánuði í hádeginu **kl. 12:00**

Fundi slitið kl. 18:30! Næsti fundur er þá 2. október kl. 12. Tinna boðar fundinn.